

Ákvörðun um greiningu, verkefni hefst.

Undirbúningur:

Umsjónarmaður velur og kallar saman stýrihóp sem skilgreinir verkefnið, velur þátttakendur í greiningarvinnu og safnar upplýsingum um starfið.



Hæfnigreiningar Yfirlit ferils

Greiningarfundir með 10–20 þátttakendum


FYRSTI FUNDUR	ANNAR FUNDUR	ÞRIÐJI FUNDUR
Skilgreining starfs	Hæfnikröfur starfs	Þrep
<ul style="list-style-type: none">Unnin lýsing á kjarna starfsins og viðfangsefnum þess.Almenn starfshæfni kynnt. <p>Afurð: Skilgreining starfs.</p>	<ul style="list-style-type: none">Hæfnipættir valdir.Hæfnipættir tengdir viðfangsefnum starfs. <p>Afurð: Drög að starfaprófil.</p>	<ul style="list-style-type: none">Valin þrep fyrir hæfnikröfur starfsins.Þrep fyrir almenna starfshæfni staðfest. <p>Afurð: Starfaprófill.</p>



Úrvinnsla og frágangur:

Niðurstöður settar fram á staðlaðan hátt, yfirfarnar af stýrihópi og staðfestar. Verkefnalok, áframhaldandi hlutverk stýrihóps skilgreint.

Nýting afurða.



Hæfnigreiningar

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur þróað aðferð við að greina hæfnikröfur starfa. Aðferðin byggist á virkri þátttöku hagsmunaaðila úr atvinnulífinu og á vel skilgreindum lýsingum á hæfni.

Hæfnikröfur starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknum störfum. Hæfnikröfurnar má nýta við hönnun á námi til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í raunfærnimati eða sem leiðarljós í starfsþróun.

Aðferðin er gagnleg, skilvirk leið til að koma auga á nauðsynlega hæfni og er þá persónuleg hæfni ekki undanskilin en hún er eitt af því mikilvægasta hjá öflugum starfsmanni.

Það sem einkennir aðferðina er:

- ◊ **Fyrirfram skipulagt ferli.** Greiningin fer fram á þremur skipulögðum vinnufundum með 10 – 20 þátttakendum.
- ◊ **Virk þátttaka hagsmunaaðila á vinnumarkaði.** Þátttakendur á greiningarfundum eru einstaklingar sem þekkja vel til starfsins eða starfsgreinarinnar.
- ◊ **Notkun þrepaskiptra hæfnipátta** þar sem búið er að skilgreina á hlutlægan hátt þá hæfni sem skiptir megin máli á vinnumarkaði.
- ◊ **Einföld vinnubrögð.** Hæfnipættirnir eru settir fram á spjöldum sem unnið er með eftir einföldu ferli.
- ◊ **Staðlaðar niðurstöður** sem nota má til námsskrárritunar, raunfærnimats eða sem hvata til starfsþróunar.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Eitt af hlutverkum FA samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið er að skilgreina, í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluaðila, menntunarfærir þeirra sem falla undir lög um framhaldsfræðslu, en það eru þeir sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastig. Einnig að byggja upp nám sem mætir þeim þörfum og lýsa því í námskrám.

Hæfnigreiningar FA er mikilvægur liður í þeirri vinnu.

Hverjir gera hæfnigreiningar?

Hæfnigreiningar eru bæði unnar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hjá símenntunarmiðstöðvum sem hafa yfir að ráða þjálfuðum umsjónarmönnum greininga.

Umsjónarmenn greininga fylgja því ferli sem lagt er upp með af FA og eru niðurstöðurnar yfirfarnar og metnar af sérfræðingum FA.

Hvað eru hæfnipættir?

Hæfnipættirnir sem FA notar koma frá kanadísku ráðgjafafyrirtæki HRSG sem hefur unnið að þróun þeirra í meira en 30 ár. FA hefur þýtt og aðlagð efnið að íslenskum aðstæðum.

Hæfnipættir lýsa á hlutlægan hátt mikilvægri hæfni fyrir atvinnulífið. Þeir eru settir fram á þrepum sem lýsa stiganda í ábyrgð, sjálfstæði og flækjustigi starfsins.

Hvað er starfaprófill?

Starfaprófill er niðurstaða greiningarvinnunnar og inniheldur skilgreiningu starfs og lýsingu á þeirri hæfni sem þarf til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar um hæfnigreiningar FA má finna á:
www.frae.is/haefnigreiningar

Virk þátttaka atvinnulífsins

Öllu skiptir að atvinnulífið skilgreini sjálft hvaða hæfni þarf til starfa þannig að nám sem ætlað er til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu sé hnitmiðað, hagkvæmt og byggi á breiðri aðkomu úr greininni.

Með þátttöku í hæfnigreiningum gefst mikilvægt tækifæri til að hafa áhrif á innihald og uppbyggingu náms innan framhaldsfræðslunnar en hlutverk hennar er m.a. að skapa úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna.

FA og samstarfsaðilar reiða sig á áhuga og velvilja atvinnulífsins til að draga fram niðurstöður sem eru í takt við þeirra þarfir.

Greiningarvinnan

Umsjónarmaður greiningar undirbýr og skipuleggur vinnuna ásamt stýrihópi sem samanstendur af 5-6 lykilaðilum úr starfsgreininni.

Til þátttöku á greiningarfundum er kallaður til stærri hópur, 10 - 20 manns. Það eru einstaklingar sem sinna viðkomandi starfi, stjórnendur í starfsgreininni og aðrir aðilar sem hafa breiða sýn bæði hvað varðar tengingar við aðrar starfsgreinar og framtíðarhorfur.

Haldnir eru þrjú greiningarfundir með greiningarhópnum, hver um sig þrjár klukkustundir.

Hvers er krafist af stýrihópi?

Í stýrihópi eru verkbeiðendur, fulltrúar starfsmanna og stjórnenda í starfsgreininni ásamt öðrum hagsmunaaðilum verkefnisins. Hlutverk þeirra er að skilgreina verkefnið og fá til þátttöku á greiningafundina hóp fólks sem þekkir vel til starfsins.

Stýrihópur yfirfer og staðfestir niðurstöður greiningarinnar. Gert er ráð fyrir að stýrihópur taki einnig þátt á greininga-fundum.

Hvers er krafist af þátttakendum?

Þátttakendur á greiningarfundi eru valdir út frá tengingu þeirra við starfið. Verið er að leita eftir sem mestri breidd innan starfsgreinarinnar. Ekki er þörf á neinum undirbúningi fyrir fundina.

Á fundunum vinna þátttakendur eftir einföldu kerfi sem byggist á að þátttakendur velja á milli fyrirfram skilgreindra upplýsinga á spjöldum.

Reynslan sýnir að þátttakendum finnst bæði gaman og gagnlegt að taka þátt í greiningarfundunum. Könnun meðal þátttakenda í einu verkefni leiddi í ljós að allir sögðust vilja taka aftur þátt væru þeir beðnir um það. Yfir 80% sögðu einnig að þátttakan hefði nýst sér persónulega og/eða í starfi.